

Aðalfundur Nova Klúbbsins hf. 27. mars 2025

Stjórn Nova Klúbbsins hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður fimmtudaginn 27. mars 2025, klukkan 16:00, að Lágmúla 9, 108 Reykjavík, 4. hæð. Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verða nánari upplýsingar um rafræna þátttöku hluthafa aðgengilegar á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>

Tillaga stjórnar að dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári
3. Skýrsla forstjóra og ársreikningur
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar
5. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs
6. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvararandi breytingu á samþykktum félagsins
7. Skýrsla starfskjaranefndar
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
9. Tillaga stjórnar um kaupréttaráætlanir
10. Tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd
11. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar um skipan stjórnar
12. Stjórnarkjör
13. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum varðandi kjörtímabil stjórnar
14. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar
15. Kjör tilnefningarnefndarmanna
16. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd
17. Tillaga stjórnar um kjör endurskoðenda
18. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
19. Önnur mál löglega fram borin

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfundinn verður að finna á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja aðalfundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð til staðfestingar umboði sínu. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Umboðseyðublöð má nálgast í skráningarferlinu við rafræna skráningu á fundinn og á vef félagsins.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, þurfa að skrá sig á <https://www.lumiconnect.com/meeting/novaagm2025> fyrir kl. 16:00 þann 26. mars, eða degi fyrir fundardag. Skráningu á fundinn þarf að fylgja afrit af skilríkjum og umboð, ef við á.

Hægt verður að greiða atkvæði á fundinum með rafrænum hætti og eru nánari upplýsingar um skráningu, rafræna þátttöku og rafræna atkvæðagreiðslu aðgengilegar á vef félagsins.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið [fjarfestar@nova.is](mailto:fjarfestar@nova.is) eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16, mánudaginn 17. mars 2025.

Tilnefningarnefnd félagsins hefur lokið störfum og samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu nefndarinnar gerir hún tillögu um að sitjandi stjórnarmenn, þau Hrund Rudolfsdóttir, Jóhannes Þorsteinsson, Jón Óttar Birgisson, Magnús Árnason og Sigríður Olgeirsdóttir, verði kjörin til áframhaldandi setu í stjórn félagsins. Skýrsla tilnefningarnefndar er meðfylgjandi fundarboði þessu og einnig aðgengileg á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>.

Tilkynna skal um framboð til stjórnar með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir upphaf aðalfundar, eða fyrir kl. 16, laugardaginn 22. mars 2025. Framboðum skal skila á skrifstofu Nova að Lágmúla 9, Reykjavík, eða á netfangið [fjarfestar@nova.is](mailto:fjarfestar@nova.is). Framboðum til tilnefningarnefndar skal skilað með sama hætti innan sama frests. Framboðseyðublöð má nálgast á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar og í tilnefningarnefnd verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í einn sólarhring frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, enda sé ekki sjálfkjörið.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á fundardegi.

Reykjavík, 6. mars 2025,

Stjórn Nova Klúbbsins hf.